
Ákvörðun um framkvæmd í flokki C

Heiti framkvæmdar	Úlfsárvirkjun
Framkvæmdaraðili	AB-Fasteignir
Sveitarfélag	Ísafjarðarbær
Tegund framkvæmdar	Rennslisvirkjun

Framkvæmdalýsing (stutt samantekt)

Smávirðing án uppistöðulóns, þ.e. sírennslisvirkjun með uppsett afl allt að 200 kW, við Úlfsá í Dagverðardal, í Ísafjarðarbæ. Virkja á ána sem á upptök sín innst á Breiðadalsheiði. Úlfsá rennur niður eftir heiðinni, um efra og neðra Austmannsfall niður Dagverðardal til sjávar. Framkvæmdin gerir ráð fyrir stíflu fyrir inntak án uppistöðulóns. Aðveitulögn frá inntaki að stöðvarhúsi. Stöðvarhús fyrir búnaði til raforkuframleiðslu. Frárennslis frá stöðvarhúsi aftur út í farveg Úlfsár. Engin meiriháttar veglagning verður vegna framkvæmda þar sem aflagður þjóðvegur um neðra Austmannsfall að Breiðadalsheiði verður nýttur. Fallpípa frá vatnsinntaki að stöðvarhúsi verður alfarið grafin í gamla þjóðveginn nema þar sem hún sveigir í átt að inntaki og stöðvarhúsi, því mun rask á landi meðfram Úlfsá ekki verða fyrir raski. Áhrifsvæði virkjunarinnar er á 2.5 km. Kafla og athafnasvæði að mest öllu leiti á áður snortnu landi þar sem þjóðvegur Breiðadals og Botnsheiðar lá áður um Dagverðardal upp um Austmannsfall. Stöðvarhús verður staðsett um 260 m. Ofan við efnisnámu í Dagverðardal sem er ofan við aðstöðu Vegagerðar ríkisins á Ísafirði.

Var leitað umsagna?

Já hjá Fiskistofu og Minjastofnun umsagnarbeiðni send út 07.03.2018
Orkustofnun umsagnabeiðni send 13.03.2018

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Já/Nei/Útskýring

Er framkvæmd umfangsmikil?	Nei
Er framkvæmd líkleg til að hafa sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum?	Nei
Fylgir framkvæmd nýting náttúruauðlinda?	Já endurnýjanlegur orkugjafi í formi vatnsafls
Fylgir framkvæmd úrgangsmýndun?	Nei
Fylgir framkvæmd mengun eða ónæði?	Nei
Fylgir framkvæmd slyshætta?	Nei

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Hefur framkvæmdin áhrif á:

Já/Nei/Útskýring

Þá landnotkun sem fyrir er eða fyrirhugaða landnotkun samkvæmt skipulagi?	Nei
Getu náttúruauðlinda á svæðinu til endurnýjunar eða magn þeirra og gæði?	Nei
Friðlýst svæði s.s. þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, fólkvanga?	Nei
Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum vegna tiltekinna vistkerfa og jarðminja s.s. eldhraun, jarðhitasvæði og votlendi?	Nei
Svæði í verndarflokki rammaáætlunar, á náttúruverndaráætlun eða í náttúruminjaskrá?	Nei
Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, (Mývatn og Laxá og Breiðafjörður)?	Nei
Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamningnum og Bernarsamningnum?	Nei
Svæði sem njóta verndar vegna fornminja eða friðaðra mannvirkja?	Nei

Vatnsverndarsvæði?	Nei
Hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum?	Nei
Víðerni?	Nei
Votlendi eða strandsvæði?	Nei
Landslag, ásýnd svæðis eða landnotkun?	óveruleg
Jarðmyndanir (t.d. eldhraun, fossar, hverasvæði, eldvörp)?	Nei
Stöðuvötn, tjarnir, sjávarfitjar eða leirur?	Nei
Gróður og gróðurlendi (t.d. mýrar), Dýralíf (t.d. fuglar og fiskar)?	Nei
Loftgæði eða mengun?	Nei
Meningarminjar?	Nei
Samfélag, s.s. áhrif á íbúa eða atvinnu?	Nei

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af hugsanlegum eiginleikum umhverfisáhrifa með hliðsjón af eðli framkvæmdar og staðsetningu, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Umfang umhverfisáhrifa, þ.e. það svæði og fjöldi fólks sem ætla má að verði fyrir umhverfisáhrifum.	Ekki er gert ráð fyrir áhrifum á fólk, eitthvað er um að fólk fari um svæðið til berjatínslu þegar þannig árar. Lítil rennslisvirkjun ætti ekki að draga úr gæðum svæðisins til útivistar.
Stærð og fjölbreytileiki áhrifa	Inntakspípa verður lögð í gamla þjóðveginn um Breiðadalsheiði. Upptök pípunnar
Líkur á áhrifum	Áhætta af flóðum vegna stíflurofs er talið vera óverulegt þar sem um er að ræða rennslisvirkjun og farvegur neðan stíflu er vel afmarkaður og engin byggð er nærri farveginum.

Tímalengd, tíðni og óafturkræfi áhrifa	Óveruleg áhrif munu vera á framkvæmdatíma, framkvæmdin er óveruleg á náttúru og afturkræf. Áhrif framkvæmdarinnar á gróður, mófugla og landslag verði einkum á framkvæmdatíma og ummerki eftir framkvæmdina lítil þegar frá líður.
Sammögnunaráhrif ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði	Nei
Áhrif yfir landamæri	Nei

Niðurstaða

Ef ekki háð mati:

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur bæjaryfirvöld Ísafjarðarbæjar farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila, umsagnir, Orkustofnunar og Minjastofnunar, niðurstaða Ísafjarðarbæjar er að Úlfsárvirkjun sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 31. Maí 2018

Ákvörðun	Framkvæmd ekki háð mati.
Kærufrestur	Til 31.05.2018

Ísafjörður 27.04.2018

Undirskrift Axel Rodriguez Överby